



Carl Löve ritar bréf varðandi málið þann 24. Júlí,
27. Júlí, 19. Ágúst og 28. Október 1936

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Byggingarfélag Alþýðu – Húsnaðiskaup – Carl Löve

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-1, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 24. júlí 1936.

Hr. professor Bjarni Benediktsson,

Reykjavík.

Út af ósk yðar um umsögn mína, um ýmislegt í brjefi hr. Hjeðins Valdimarssonar til yðar dags. 18. júlí p.á., sem var svar hans við brjefi yðar til hans dags. 11. p.m., en það brjef ~~xxxxxxxx~~ munuð þjer hafa skrifað honum í tilefni af umkvörtun minni, til yðar, vegna framkonu formanns eða stjórnar Byggingarfjelags Alþýðu, með því að hafa bolað mjer frá því að fá íbúð keypta í hinum nýju byggingum, sem nefnt fjelag er nú að láta byggja, en sem jeg hefi haft og hef enn fullan rjett til að krefjast, eða að öðrum kosti fullar skaðabætur frá fjelaginu, eins og umgetur í brjefi mínu til yðar dags. 8. p.m.

Jeg endurtek hjer með, að gefnu tilefni, frásögn mína í brjefi mínu til yðar dags. 8. p.m., um það sem gerðist á skrifstofu Hjeðins Valdimars-sonar, er jeg heimsótti hann samkvæmt auglysingu fjelagsstjórnarinnar, til þess að gefa honum heimild til þess að skoða skattaframtal mitt síðustu þrjú ár. Í því samtali mintist Hjeðinn ekki á neina ábyrgð fyrir síðari greiðslu, hinsvegar sagði jeg honum í því samtali frá því að Guðmundur sonur minn hefði leyft mjer að skýra Hjeðni frá því, að hann væri fús til þess, og að jeg mætti lofa því fyrir sína hönd, að af hverjum þeim fullum mánuði, sem hann ynni við byggingarnar, mættu kr. 275,00 ganga sem greiðsla upp í andvirði á kaupverði íbúðar minnar, og í sömu hlutföllum fyrir skemri tíma. Jeg skal ennfremur geta þess, að Hjeðinn spurði mig hvort jeg hefði notið fátækra-styrks, og sgaði jeg honum að svo væri, en að gefnu tilefni tek jeg það skýrt fram, að þrátt fyrir það, að jeg sagði honum frá því hvernig væri hátt-

að högum mínum, nefndi hann enga ábyrgð á nafn, hinsvegar fór hann að röfla um það, að Guðmundur sonur minn væri svo ungar að hann myndi varla fullfær til slikrar vinnu, og spurði einnig eftir því hvort hann væri meðlimur ~~Edu~~ Dagsbrúnar, og sagði jeg honum að svo væri ekki, og svaraði hann því, að ekki kæmi til mála að aðrir fengju þessa vinnu, við byggingarnar, en Dagsbrúnarmenn, benti jeg honum þá á, að jeg sjálfur væri Dagsbrúnarmeðlimur, og að Guðmundur ynni þarna í minn stað, vegna þess að jeg sjálfur hvorki mætti nje gæti unnið erfiðisvinnu sökum heilsubrests, en sagði honum hinsvegar að ekki skildi það standa í vegi fyrir því að Guðmundur fengi vinnuna, að hann væri ekki í Dagsbrún, og myndi hann ef með þyrfti ganga í Dagsbrún. Annað samtal, en hjer að framan segir fór ekki fram á milli míن og Hjeðins, að því fráskyldu, að hann nokkru síðar rauk að mjer á götu, og spurði mig hvort jeg hefði aflað mjer ábyrgðar fyrir síðari greiðslum af íbúðinni, svaraði jeg því neitandi, enda höfðu mjer ekki verið sett nein slik skilyrði fyrir kaupum á íbúðinni, hann spurði mig þá ennfremur að því, hvort jeg mundi ekki geta útvegað mjer slika ábyrgð, og svaraði jeg því, að jeg vissi það ekki, en teldi það þó líklegt, en áliti hinsvegar að slikábyrgð væri ekki nauðsynleg, þar sem jeg hefði nægum vinnukrafti á að skipa, til þess að vinna þá vinnu er mjer bæri, og mundi hinsvegar eiga kröfu til svo mikillar vinnu við byggingarnar, að nægja myndi til greiðslu á eftirstöðvunum af kaupverði íbúðarinnar, og ennfremur sgaði jeg honum, í þessu samtali, að jeg liti svo á að þessi krafa um ábyrgð myndi vera sett fram til þess að gera mjer sem erfiðast fyrir að ná í íbúð, og sagði honum ennfremur, að inn í íbúðina skyldi jeg komast, hvað sem hann og klíka hans segði.

Það kann að vera að Hjeðni hafi þátt jeg, í þessu samtali, ~~nægum~~ sýntu sjer þá auðmýkt, sem hann hvað krefjast, en jeg lit svo á, að jeg hafi engar skyldur til þess að skriða, hvorki fyrir honum nje öðrum hans nótum, þó jeg sje fátækur og heilsulítill.

Jeg skal ennfremur geta þess, að í þessu samtali, sem að framan getur, sagði jeg Hjeðni frá því, að þætti honum aldur Guðmundar of lítill til þess að vinna við byggingarnar fyrir mína hönd, þá hefði Áskell sonur minn, sem

væri bráðum 20 ára, boðið mjer að vinna vinnu þessa.

Í brjefi sínu til yðar segir Hjeðinn frá því, að jeg hafi sagst hafa von um lán úr bæjarsjóði til fyrstu afborgunar af íbúðinni, þetta eru helber og vísvitandi ósannindi, og skýrskota jeg í því efni til umsóknar minnar, enda honum og fjelagsstjórninni algjörlega óviðkomandi hvaðan jeg hafði peninga til fyrstu greiðslu, ef þeir væru frjálsir og þóskattsviknir.

Þá endurtek jeg samtal hr. bæjarfulltrúa Jakobs Möller við Hjeðinn, en það samtal mun hafa átt sjer ^{stað} á laugardag og mun Jakob Möller hafa sagt honum frá því, að þessa ábyrgð, sem jeg samkvæmt, yður áðursendu vottorði var krafinn um, þá fyrst er jeg bauð fram fyrstu afborgunina, myndi jeg geta lagt fram eftir næsta framfærslunefndarfund, sem haldinn yrði næstkomandi fimtudag, en þá skeði það, að jeg fjekk brjef ^{vantnilega} frá Guðmundi nokkrum Pjeturs-syni, sem að nafninu til muna vera í stjórn Byggingarfjelags Alþýðu dags. mánudaginn næsta á eftir samtali hr. Jakobs Möller við Hjeðinn, ~~ef~~ þar sem jeg ekki ~~hafði~~ þá þegar, sett tryggingu fyrir síðari greiðslum, geti jeg ekki fengið íbúðina og sje hún öðrum sold.

Petta atvik skýrir svo vel sem verða má, það sem jeg held fram í málí pessu, sem sje því, að Hjeðinn hafi þegar í upphafi ákveðið að bægja mjer frá kaupum á íbuð. Þar sem hann lætur strax að samtali sínu við Jakob Möller ~~vitara félagsins tilkynna mér að íbúðinum miði er ekki vegna ekorts á þessari ábyrgð er loknul~~ (þar sem Jakob er alt i senn bæjarfulltrui, bæjarraðsmaður og í framfærslunefnd bæjarins) skýrir honum frá því, að ábyrgð á síðari greiðslu af kaupverði íbúðarinnar muni jeg fá næsta fimtudag. Eftir samtal þeirra, sem eins og áður er sagt átti sjer stað á laugardag, verð jeg að líta svo á, að þessi frásögn hr. Jakobs Möller hafi verið Hjeðni nægileg trygging í ~~~~~4 daga, fyrir því að formleg trygging yrði látinna í tje af bænum fyrir síðari greiðslum af andvirði íbúðarinnar.

Þá fimbulfamdar Hjeðinn Valdimarsson mikið um ábyrgð þá, sem Einar ~~Angantýrsson~~ hefir útvegað, sem tryggingu fyrir síðari greiðslu af íbuð sinni. Hef jeg ~~á~~ dag ~~átt~~ tal við Einar Angantýrsson, um möguleika mágkonu hans, Guðríðar Jónsdóttur, fyrir því að geta staðið við þessa ábyrgð, og hvort hún mundi geta á sínum tíma greitt hinar síðari greiðslur hans af íbúðinni, og leyfði hann mjer að segja frá því að því færi fjarri, því ~~bæði~~ ^{©Borgarsjálasíða Reykjavíkur}

væri hún heilsulaus og fjelaus, og hefði því þessi ábyrgð verið sett pro forma, meðan hann leitaði fyrir sjer til brautar hjá þeum um ábyrgð á greiðslu síðari afborgana af íbúð sinni. Það sem er sjerstaklega eftirtektarvert við þá framkomu Hjeðins í þessu íbúðarmáli er, (auk þess, sem aður er sagt) það að Hjeðinn telur góða og gilda einkisnýta ábyrgð á síðari greiðslum Einars af íbúð sinni, en neitar að taka góða og gilda⁴ 4 daga, frásögn hr. Jakobs Möller, um að jeg muni fá ábyrgð bæjarins formlega að 4-5 dögum liðnum. Þá hefi jeg átt tal við hr. Magnús V. Jóhannesson um möguleika Einars á því að fá hjálp bæjarins á síðari greiðslum af íbúð Einars ásamt framtíðargreiðslum á húsaleigu o.fl., og sagði hann mjer að það væri hreint afsúur og útilokað að hann fengi nokkra hjálp til íbúðarkaupanna nje heldur ábyrgð fyrir greiðslum hans á húsaleigu í nýrri íbúð í verkamannabústöðunum, og sagði hann bæinn byggja þá neitun sína á því, að í fyrsta lagi væri Einar sjúklingur, sem ekki væri sjáanlegt að gæti stundað neina vinnu æfilangt, í öðru lagi ætti engin þau börn, sem sýnlegt væri að gætu rjett honum hjálparhönd, sem um munaði, og í þriðja lagi að bærinn sei sjer engan hag í því, að hjálpa honum til kaupanna, þar sem hann teldi sig geta sjeð honum fyrir sémilegu húsnæði, fyrir ekki meira fje, en hann yrði hans vegna að greiða í húsaleigu, þó honum væri hjálpað til kaupa á íbúð í íbúðum Byggingarfjelags Alþýðu.

Hinsvegar kvað Magnús fátækraстjórn bæjarins líta öðrum augum á afstöðu mína, þar sem sa væri munurinn, að þrátt fyrir það, að jeg væri ekki og yrði máske ekki framvegis fær til erfiðisvinnu, þá væri jeg þó fær til ýmiskonar þeirrar vinnu, sem ekki væri erfiðisvinna, en Einar alls ekki, og auk þess ætti jeg þegar 3 uppkomna syni og eftir tvö ár yrðu uppkomnir synir mírir orðnir 5 og mundu þeir allir (að eigin frásögn) fúsir að vinna fyrir heimili mitt. Hjer skorti því það eitt á, að jeg geti bjargast af sjálfur (án allrar opiberrar hjálpar) að jeg og þeir fengju að vinna, hver við sitt hæfi, þá væri það og talsvert fjárhagslegt spursmál fyrir bæinn, hvort hvort jeg þyrfti, eða bærinn fyrir mína hönd, að greiða kr. 70 í húsaleigu á mánuði eða kr. 120 eins og nú væri, fyrir 3ja herbergja íbúð, auk þess

sem það að ef jeg byrfti ekki að greiða nema kr. 70 á máð. í stað kr. 120, hjálpaði það einnig til þess að jeg yrði frekar sjálfbjarga, ef eitthvað rættist úr með atvinnu handa mjer eða mínum. Þá skal jeg og sjálfur bæta því við þetta álit, og umsögn fátækraстjórnarinnar, að jeg lít sömu augum á afkomumöguleika heimilis míns og fátækraстjórn bæjarins, en vil hinsvegar bæta því við, að svo fremi að Hjeðinn Valdimarsson stendur við lóforð sín í hinnu frægu 4 ára áætlun Alþýðuflokkssins, (sem hann er talinn aðalhoffundur að,) um atvinnu fyrir alla, sem unnið geta, er heimili mitt ekki aðeins sjálfbjarga efnalega, heldur og sæmilegur gjaldþegn ríkis og bæjar.

Að öðru leyti vísast til brjefs míns til yðar hr. professor dags. 8. þ.m. og vottorðs þess sem það fylgdi.

Sé jeg ekki ástæðu til þess að svara frekara yfurklórstilraunum Hjeðins Valdimarssonar, um þá staðreynd, að hann hefur bolað mjer, að yfirlögðu ráði, frá oft nefndum íbúðarkaupum og vænti jeg ~~xxxx~~ fastlega aðstoðar yðar og bæjarins um að rjetta hlut minn á viðunandi hátt, fyrir mig.

Með mikilli virðingu.

Carl Höve
Frannesveg 16.

Reykjavík, 27. júlí 1956.

Herra professor Bjarni Benediktsson,
Reykjavík.

Til viðbótar bréfi mínu til yðar dags. 24.p.m., sem var svar mitt og athugasemdir við bréf Héðins Valdimarssonar formanns Byggingarfélags Alþýðu til yðar dags. 18.p.m., vil ég einfremur taka þetta fram, (sem þó ætti tæplega að þurfa) að Héðinn segir frá því, að Guðm. Gíslason hafi ekki getað greitt fyrstu greiðslu, og bessvegna hafi hann ekki fengið íbúð keypta. Hins vegar gat ég greitt að fullu fyrstu afborgun af minni íbúð, og gat auk þess vísað á nægan vinnukraft (tvo sonu mína) til þess að vinna þá vinnu, sem mér bar við byggingarnar, þótt ég ekki gæti ai heilsufarslegum ástæðum unnið vinnuna sjálfur. Ástæðan fyrir að neita mér um íbúð, er því ekkert hliðstæð við ástæðuna til að neita Guðm. Gíslasyni.

Um Einar Angantýrsson er og það að segja, að hann gat að vísu, eins og ég, greitt fyrstu afborgun, en hins vegar gat hann ekki lagt til neinn vinnukraft, né heldur unnið sjálfur að byggingunum, og þó er honum úthlutað íbúð gegn því að leggja fram einkisverða ábyrgð fyrir síðari greiðslum. Hins vegar or Héðni vitanlegt að frásögn hr. Jakobs Möllers, að ég myndi geta látið í té trygga ábyrgð fyrir síðari greiðslum af íbúð minni og gat auk þess (eins og áður er sagt) lagt fram næga vinnu við bygginguna. Þetta dæmi Héðins með Einar er því heldur ekki hliðstætt við mig, og furðar mig sannast að segja að Héðinn skuli leyfa sér, að reyna að blekkja

yður, jafn skýran mann, með jafn mikilli fjarstæðu. Furðar mig nú ekki lengur á því þó að maður þessi gangi langt í því að blekkja ómenntaðan almenning, þegar hann leyfir sér að beita jafn miklum blekkingartilraunum við hámenntaðan mann sem yður.

Nei ástæðan til þess að hann bolar mér frá að fá keypta íbúð er því algerlega persónuleg og sem hefnd fyrir það, að hafa ljóstra upp um eitt skurðgoð hans mjög vítaverðu athæfi, sem og að sína mér mátt sinn í því að fyrirmuna mér því að ég (samkvæmt hótum minni í viðtali við hann úti á götu, um að ég skyldi inn í Byggingarnar hvað sem hann segði)kæmist inn í Byggingarnar.

Ég krefst þess vegna að þér hr. professor, sem eruð kosinn af bæjarstjórn eftirlitsmaður með því sem gerist í byggingarmálum Byggingarfélags Alþýðu rannsakið greiðslur og aðstöður þeirra manna, sem úthlutað hefir verið íbúðum bæði nú og fyr, og munuð þér komast að rsun um þann sannleika, að þessi árás á mig sé eins og ég held fram persónuleg.

Með mikilli virðingu,

S. Carl Höre
Francesveg 16.

Reykjavík, 19. ágúst 1936.

Hr. professor Bjarni Benediktsson,
Reykjavík.

Ef yður hr. professor, hefir verið, eða verður falin rannsókn á kæru, sem mér er kunnugt um að hr. Hannes Jónsson, Ásvallagötu 69 hér í bænum mun hafa sent til bæjarráðs, tú af ýmsum meintum misfellum í stjórn og reikningsfærslu, meðferð fjár o.fl. hjá Byggingarfélai Alþýðu, vildi ég mega éskoa þess og krefjast, að þér um leið og þér athugið ofangreind kæruatriði, athugið þá einnig í tilefni af bréfum mínum og úmkvörtunum, út af framkomu nefnds félags í minn garð, allar greiðslur og úthlutanir á íbúðum þeirra manna, sem íbúðir fengi keyptar hjá féluginu árin 1930-31 og 1934-35, og hvort öllum hefir þá verið gert jafnt til um greiðslu og vinnu. Einnig óska ég þá og, að þér athugið, hverjum hefur nú, 1936, raunverulega, og að lokum verið úthlutað íbúðum, og hvort búið er nú enn þann dag í dag að úthluta öllum þeim íbúðum, sem þú er verið að byggja, og þá einnig hvaða mánaðardaga síðustu íbúðunum hefir verið úthlutað -sbr. bréf ritara félagsins til míni - og einnig að þér athugið hvort allir þeir, er þá hefir verið úthlutað íbúðum, hafa verið látnir sæta sömu kjörum um greiðslu á íbúðum sínum og vinnu við þær. Þá væri einnig æskilegt að þér athuguðuð, hvort þeir menn, sem óskað hafa eftir að fá vinnu við byggingarnar og úthlutað hefir verið íbúðum, eru látnir ganga fyrir utanfélagsmönnum um vinnu, og sé svo, (sem mig grunar), að utanfélagsmenn séu jafnvel látnir ganga fyrir félagsmönnum um vinnu, með hvaða heimild stjórnin getur leyft sér slikt, þar sem mér hefir skilist svo, sem þeir menn, sem íbúðir fá keyptar, eigi, bæði samkvæmt félagskógunum og þeirri venju sem latin hefir verið gilda, a.m.k. við byggingarnar 1930-31, heimtingu á að ganga fyrir um vinnu við byggingarnae, umfram utanfélagsmenn.

Með mikilli virðingu.

S. Carl Lárié
Framnesveg 16.

Reykjavík 28. okt. 1936.

Hr. professor Bjarni Benediktsson
Reykjavík.

Með því að mér er kunnugt um, að Sigurður Guðnason, sem átt hefir heima á Grettisgötu 8, nú til heimilis á Bergstaðastræti 29 hér í bænum, hefir verið úthlutað íbúð í íbúðum þeim, sem Byggingafélag alþýðu, er nú að láta byggja, og þar sem mér er einnig kunnugt, að maður þessi hefir ekki (fyr en á síðustu stundu) verið meðlimur eða félagsmaður í nefndu byggingafélagi, og hafði því engan rétt nú til þess að koma til greina við úthlutun íbúða, og sá réttur til íbúðarkaupa, sem honum hefir verið veittur er því sannarlega frá öðrum tekinn, og til þess brotin bæði lög og réglur félagsins. Leyfi ég mér því hér með virðingarfyllst, að kæra fyrir yður, (sem kosnum eftirlitsmanni fyrir bæjarins hönd til eftirlits því er gjörist í byggingarmálum Byggingafélag alþýðu) athæfi þetta og annars þess, sem ég og flæiri hafa kvartað um og yfir við yður út af misfellum á stjórn nefnds félags.

Með mikilli virðingu.

S. Carl Lørie